

Mánudaginn 19. ágúst 1991.

Nr. 299/1991. **Vilhjálmur Árnason**

gegn

**Bjarna Jónassyni.**

Kærumál. Vitni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní 1991. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði úrskurðað óskýlt að svara spurningu stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. um það, hvort ummæli, sem tilgreind eru í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og hljóða þannig: „Bjarni er geðveikur“ og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi“, sé í skýrslum vitnisins að finna, höfð eftir stefnda um stefnanda.“

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Til kærumáls þessa er stofnað í máli, sem varnaraðili hefur höfðað til ómerkingar ummæla, er hann telur stefnda hafa haft um sig.

Varnaraðili hefur krafist þess, að vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði gert skylt að svara spurningum varðandi ummæli í skýrslu, sem vitnið samdi ásamt öðrum. Vitnið kveður skýrslu þessa hafa verið samda að beiðni stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, og sé hún eign hennar og félagsmálaráðuneytisins. Að sögn vitnisins byggist skýrslan á viðtölum, sem höfundar hennar áttu við starfsfólk Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á þeim grundvelli, að enginn fengi aðgang að þeim nema verkbeiðandi.

Kærumál varðandi vitnaskyldu vitnisins Brynjólfs Eiríkssonar í aðalmálinu hefur áður verið til meðferðar fyrir Hæstarétti, og var kveðinn upp dómur í því 28. maí 1991. Varnaraðili krafðist þá, að vitninu yrði gert skylt að leggja fram umrædda skýrslu.

Með vísan til þess, sem vitnið Brynjar Eiríksson hefur borið um aðdraganda að gerð umræddrar skýrslu, bar héraðsdómara að

leiðbeina varnaraðila, sem er ólöglærður, um að beina því til félagsmálaráðherra og stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að skýrslan yrði lögð fram í málinu, að því marki, sem nauðsynlegt er fyrir varnaraðila. Það var ekki gert. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

### Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 27. júní 1991.

#### I.

#### *Dómkröfur.*

Mál þetta, sem er einkarefsimál, höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum, var 19. júní sl. tekið til úrskurðar í samræmi við 1. mgr. 190. gr. laga 85/1936 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Dómkröfur málsaðila í þessum þætti málsins eru sem hér greinir:

Dómkröfur stefnanda, sóknaraðila í þessum þætti málsins, eru þær, að vitninu Brynjari Eiríkssyni verði gert skylt að svara spurningum sínum, fram bornum í þinghaldi fyrr í dag og taka til I. kafla, 2. tl., og I. kafla, 3. tl., stefnunnar. Stefnandi krefst vegna þessa þáttar málsins málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi, sem er varnaraðili í þessum þætti málsins, gerir hér hins vegar þær dómkröfur, að kröfu stefnanda um, að vitninu Brynjari Eiríkssyni verði gert skylt að svara spurningu stefnanda í þinghaldi 19. júní sl., verði hrundið og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda vegna þessa þáttar málsins.

Í stefnu, sem þingfest var 14. júní 1990, krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til refsingar og að átalín ummæli, er stefnandi í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar tilgreinir þannig:

„Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út.“

„Bjarni er geðveikur.“

„Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“

„Hann er, sko, geðveikur maðurinn,“ —

verði dæmd dauð og ómerk, þ.e. þrjú síðasttöldu ummælin, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms o.fl. Þá krefst

stefnandi þess, að stefndi greiði sér miskabætur, og gerir kröfu um málskostnað.

Stefndi, sem skilaði greinargerð í málinu 28. júní 1990, krafðist þess, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Gögn málsins leiða til þeirrar niðurstöðu, að vitnið Brynjar Eiríksson, er það ásamt Önnu Karin Júlíussen átti viðtöl við stefnda og aðra starfsmenn hins verndaða vinnustaðar, hafi komið fram sem opinber sýslunarmaður. Að uppfylltum öðrum skilyrðum getur 3. tl. 1. mgr. 126. gr. laga 85/1936 átt við um vitnið, en tilvitnuð lagagrein hljóðar þannig:

„Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði:

3. Ef embættismaður eða sýslunar hefir komist að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.“

Viðtöl vitnisins Brynjars og Önnu Karinar voru þess eðlis, að þau veittu upplýsingar um starfsmenn vinnustaðarins, þeirra persónur og athafnir. Upplýsingar þessar voru trúnaðarmál, sbr. dskj. 4. Eðlilegt var því, að vitnið bæri fyrir sig ákv. 1. mgr. 3. tl. 126. gr. laga 85/1936, er það var krafið sagna af stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. Vitnaleyndin gat með öðrum orðum tekið til vitnisins og valdið því, að vitnaleiðsla væri útilokuð.

Hagsmunir vitnisins af því að halda leyndum trúnaðarmálum þurfa í undantekningartilfellum að vikja fyrir öðrum og ríkari hagsmunum. Vitnaleyndin og sú þagnarskylda, sem á henni er byggð, er því ekki afdráttarlaus og getur þurft að vikja, jafnvel þótt leyfi þess, sem með á, liggi ekki fyrir.

Við mat á því, hvort vitninu ber að svara spurningum stefnanda, fer eftir því, hvort hagsmunir stefnanda af því að fá þær upplýsingar, sem svörin veita, séu ríkari en þagnarskylda vitnisins. Í því sambandi ber einkum að horfa til þess, að stefnandi hefur augljósa hagsmuni af því að leiða með óyggjandi hætti í ljós þær staðreyndir, sem hann byggir málsókn sína á. Verður að telja, að hagsmunir stefnanda af því að fá vitnið til að svara spruningum um, hvort tilgreind ummæli sé í skýrslu vitnisins að finna, séu ríkari en hagsmunir vitnisins af því að halda slíkum upplýsingum leyndum. Í þessu sambandi ber einnig á það að líta, að ekki verður kveðið á um þýðingu umbeðinnar gagnaöflunar fyrir málið í heild sinni, nema vitað sé með vissu, að umgetin ummæli sé í skýrslunum að finna, en um það getur vitnið borið. Þar sem stefnandi hefur þannig augljósa og ríka

hagsmuni af því, að vitnið veiti svör við þeim spurningum, er hann beindi að því í þinghaldi 19. júní sl., verður vitninu gert skylt að svara spurningunum, en slík upplýsingaöflun er í fullu samræmi við rétt stefnanda samkvæmt lögum 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi er skylt að svara spurningum stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. um það, hvort ummæli, sem tilgreind eru í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og hljóða þannig: „Bjarni er geðveikur“ og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi“ sé í skýrslum vitnisins að finna, höfð eftir stefnda um stefnanda.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.